



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

20. maí 2026

Mál nr. E-5109/2025:

Stefnandi: A

(Arnar Gauti Grettisson lögmaður)

Stefndi: Sjúkratryggingar Íslands

(Gunnlaugur Úlfsson lögmaður)

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 20. maí 2026, í máli nr. E-5109/2025:

A

(Arnar Gauti Grettisson lögmaður)

gegn

Sjúkratryggingum Íslands

(Gunnlaugur Úlfsson lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 29. apríl 2026, höfðar A, kt. [...], [...], Hafnarfirði, með stefnu birtri 17. september 2025, á hendur Sjúkratryggingum Íslands, kt. 480408-0550, Vínlandsleið 16, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda Sjúkratrygginga Íslands úr sjúklingatryggingu vegna líkamstjóns sem hún hlaut í lækniáðgerð í Svíþjóð [...] 2019.

Að auki krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda.

Stefndi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Það er fyrsta málsástæða stefnda fyrir sýknu að krafa stefnanda sé fyrnd. Á dómþingi 25. mars 2026 féllst dómari á það með stefnda að uppfyllt væru skilyrði þess að nýta heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 þannig að sakarefninu yrði skipt og fyrst yrði tekin afstaða til þessarar málsástæðu stefnda.

Málsatvik

Stefnandi höfðar þetta mál til þess að sækja bætur á grundvelli laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu vegna líkamstjóns sem hún hafi hlotið í lækniáðgerð í Svíþjóð. Þessi lög féllu úr gildi 1. janúar 2025 með lögum nr. 47/2024 um sama efni en giltu þegar þau atvik gerðust sem eru tilefni þessa dómsmáls.

Í málinu reynir á 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2000. Þar segir að kröfur um bætur samkvæmt lögum fyrnist þegar fjögur ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt. Málsaðila greinir á um það hvernig beri að skilja inntak þess skilyrðis „að fá eða mega fá vitneskju um tjón sitt“ og hvenær stefnandi hafi fengið þessa vitneskju. Stefndi miðar við að það hafi verið 14. október 2020 en í síð-

asta lagi 18. mars 2021. Krafa stefnanda hafi því verið fyrnd þegar stefnandi höfðaði málið með stefnu birtri 17. september 2025. Stefnandi miðar við að hún hafi fyrst vitað um tjón sitt 6. maí 2024 þegar í ljós kom að hún ætti ekki neinn rétt til bóta frá tryggingafélögum í Svíþjóð. Í öðru lagi byggir stefnandi á því að hún hafi í það minnsta ekki fyrr en 27. september 2022 haft nægjanlega vitneskju um orsakatengsl tjónsins og aðgerðarinnar í Svíþjóð til þess að fyrningarfrestur skv. 19. gr. laga nr. 111/2000 hafi hafist. Þar eð atvik málsins eru svo þýðingarmikil fyrir málsástæður málsaðila þykir rétt að greina nokkuð ítarlega frá málsatvikum og efni nokkurra lækni-
isvottorða.

2018

Það mun óumdeilt að stefnandi þurfti bráðnauðsynlega að komast í mjaðma-
skiptaaðgerð á hægri mjöðm undir lok árs 2018, vegna slitgigtar í mjöðmum. Hún
hafði áður farið í aðgerð á vinstri mjöðm. Slíkar aðgerðir voru þá og eru enn gerðar
hér á landi. Vegna langs biðtíma á Landspítala, sem var áætlaður samtals um 12–18
mánuðir, leitaði hún til B, bæklunarlæknis á [...]. Hann sendi stefnda, Sjúkratryggingum Íslands, 19. nóvember 2018, umsókn um greiðsluþátttöku fyrir
annað hvort meðferð á [...] eða í Svíþjóð með stoð í 20. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa, sbr.
reglugerð nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almanna-
tryggingar. Ákvæði 20. gr. fjallar um rétt sjúklinga þegar ekki er kostur á
lækni meðferð hérlendis innan tímamarka sem má réttlæta lækni-
fræðilega. Degi síðar, 20. nóvember 2018, samþykkti stefndi hið síðarnefnda, þ.e. að greiða fyrir lækni-
meðferð erlendis ásamt ferða-, upphalds- og fylgdarmannakostnaði o.fl.

2019

Rúmum fimm mánuðum síðar, [...] 2019, fór stefnandi í aðgerð á mjöðm hjá
[...] í [...] í Svíþjóð og dvaldi hjá meðferðaraðilanum í fjóra daga en ferðaðist ekki til
Íslands fyrr en tíu dögum eftir aðgerð. Á heimleið fékk hún sáran verk í þann fót sem
hafði verið skorinn upp og gat hvorki stigið í hann né setið vel eða sofið fyrir verkjum
næstu vikur.

Sléttum fimm vikum eftir aðgerðina, [...] 2019, missti stefnandi allan mátt í
fætinum þegar hún gekk í stiga heima hjá sér. Fóturinn gaf sig undan henni og mun
hún hafa hnigið niður í stigann. Hún var flutt með sjúkrabíl á Landspítalann í Foss-
vogi. Við röntgenskoðun kom m.a. í ljós brot á lærbeini stefnanda og los á hluta hins
nýja mjaðmalíðar. Hún þurfti því í aðra aðgerð sem fór fram 6. júní 2019 og C bækl-
unarskurðlæknir framkvæmdi. Skipt var um legg á nýju mjöðminni og hann reyrdur
saman með stálvírum. Í lækni-
vottorði C segir „umfang aðgerðarinnar var stórt, með
stóru snitti og þetta var önnur aðgerðin á mjöðminni á stuttum tíma“. Stefnandi var
lengi að koma sér á fætur eftir aðgerðina með aðstoð hækja.

Í júlí 2019 sendi stefnandi umsókn um bætur til sjúkratryggingafélagsins Landstingens Ömsesidiga Försäkringsbolag (LÖF) í Svíþjóð vegna tjónsins. Henni barst svar frá LÖF 9. ágúst 2019 þar sem bótaskyldu var hafnað á þeim grundvelli að meðferðin félli ekki undir tryggingu þeirra og stefnanda var bent á að leita til tryggingarfélagss meðferðaraðilans í Svíþjóð, [...], sem var Zurich Global Nordic.

Áður en stefnandi leitaði til þess tryggingafélags sótti hún, 30. nóvember 2019, um bætur úr sjúklingatryggingu samkvæmt lögum nr. 111/2000 vegna tjóns sem hún kvaðst hafa orðið fyrir við aðgerðina í Svíþjóð. Í umsókninni segir: „Fimm vikum eftir aðgerðina þá missir fóturinn allan mátt og ég var flutt með sjúkrabíl á Landspítalann í Fossvogi. Þar kom í ljós að lærleggurinn í mér var brotinn og var talið öruggt þar, skv. bæklunarlæknum, að ég hefði brotnað í aðgerðinni í Svíþjóð og einnig að það skýrði alla þá verki sem ég var búin að vera með.“ Þeirri spurningu hvaða heilsutjóni hún telji sig hafa orðið fyrir í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð svaraði hún þannig: „Ég er mjög hölt og vantar mikinn styrk í hægri fót. Samkvæmt bæklunarlækninum sem ég er hjá og lagfærði fótinn hér heima á Íslandi, C, þá verður sí ólíklegra að ég komi til með að ná fullum styrk í fótinn og komi þetta til með að há mér. Vöðvaspennan í fætinum komi ekki til með að vera eins og hún var áður. Ég fæ mikla bakverki þar sem skekkjan er mikil þegar ég geng, auk þess sem ég fæ verki í fótinn þegar ég geng meira en það sem nauðsynlegt er.“ Stefnandi tók einnig fram að hún hefði þurft að hætta í vinnunni vegna áverkanna og sé algerlega tekjulaus.

2020

Af einhverjum ástæðum barst stefnda þessi umsókn stefnanda um bætur úr sjúklingatryggingu ekki fyrr en 10. mars 2020. Í ákvörðun sinni, dags. 27. apríl 2020, taldi stefndi óheimilt að verða við umsókninni vegna þess að atvikið heyrði ekki undir sjúklingatryggingu stefnda samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000. Í forsendum ákvörðunar segir að í frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu sé tekið fram að bætur fyrir tjón við sjúkdómsmeðferð erlendis geti átt við hafi sjúklingur „verið sendur á vegum siglinganefndar“ vegna brýnnar nauðsynjar á læknismeðferð erlendis. Þar eð gögn með umsókn stefnanda tiltóku ekki að hún hefði farið til Svíþjóðar á vegum siglinganefndar félli umsóknin undir sjúklingatryggingu LÖF í Svíþjóð. Umsókn stefnanda var því ekki skoðuð efnislega. Eins og áður greinir hafði LÖF þegar hafnað kröfu stefnanda um greiðslu.

Lögmaður stefnanda kærði ákvörðun stefnda til úrskurðarnefndar í velferðarmálum 21. júlí 2020 sem kvað upp úrskurð í málinu 14. október sama ár. Nefndin staðfesti synjun stefnda með þeim rökum m.a. að meðferð eins og sú sem hún fór í sé í boði hérlendis.

Eftir að hafa fengið það svar stefnda að umsókn hennar um bætur félli undir sjúklingatryggingu í Svíþjóð leitaði stefnandi réttar síns hjá Zurich Global Nordic

(Zurich), tryggingafélagi [...], til þess að fullreyna að fá tjónið bætt þaðan.

Þann 17. september 2020 fór stefnandi í aðra aðgerð hjá C á Landspítalanum þar sem reynt var að styrkja lærvöðvann og sin við liðinn. Í aðgerðinni kom í ljós að lærvöðvinn var orðinn það rýr að hann var ónothæfur og þurfti því aðstoð rassvöðva sem festur var við lærvöðvann til að reyna að bæta styrk í fætinum.

2021

Í vottorði C, rituðu 18. mars 2021, greinir hann fyrst frá því að stefnandi hafi farið í aðgerð í Svíþjóð og verið með ágenga verki eftir hana þar til fótur hennar hafi gefið sig fimm vikum síðar án áverka og brot komið í ljós. Síðan segir meðal annars: „Að öllum líkindum hefur hún fengið intraoperatíva sprungu í femur sem sást ekki á röntgen, það er eina skýringin á þessu atviki að mínu mati. ... Undirritaður hitti sjúkling á göngudeild 17. mars 2021. Það virðist því miður sem sjúklingur standi töluvert í stað. ... Meðferð við þessu er erfið og því miður tel ég að flest úrræði séu reynd varðandi það að auka vöðvakraftinn í mjöðminni. Mitt mat er að hennar skerðing sé varanleg og ekki sé útlit fyrir að ástand hennar batni, heldur standi í stað.“

Þann 24. mars 2021 óskaði lögmaður fyrir hönd stefnanda eftir endurupptöku málsins hjá stefnda samkvæmt 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 með vísan til þess að ákvörðun stefnda byggðist á ólögætum sjónarmiðum og stefndi hefði ekki skoðað mál stefnanda efnislega. Af veigamiklum ástæðum væri brýnt að taka málið upp, m.a. væri lítið til þess hvernig stefndi hefði hagað meðferð máls stefnanda sem og alvarleika ástands hennar en hún var þá óvinnufær og átti erfitt með ýmsar daglegar athafnir.

Fyrsta formlega svar Zurich barst 26. október 2021 og var umsókn stefnanda um bætur synjað. Sú afstaða byggðist einkum á því að aðgerðin 29. apríl 2019 virtist hafa gengið vel og ekkert óeðlilegt væri skráð í gögn máls. Röntgenmyndir teknar degi eftir aðgerð væru skýrar og sýndu ekki neitt brot. Það væri mat Zurich og þess trúnaðarlæknis sem skoðaði gögn málsins að líklegast væri að lærbrotið hefði orðið þegar stefnandi hneig niður 3. júní 2019, eins og áður segir í stiga heima hjá sér.

2022

Samkvæmt gögnum málsins bar lítið til tíðinda þar til 27. september 2022 þegar D, yfirlæknir bæklunarskurðlækninga á Landspítala, ritaði vottorð fyrir stefnanda. Það er á ensku og íslensk þýðing liggur ekki fyrir. Hann tekur þar fram að hann hafi verið beðinn að rita það í fjarveru C. Læknirinn tók upp í vottorðið það sem kom fram í læknisvottorði C frá 18. mars 2021: „Að öllum líkindum hefur hún fengið intraoperatíva sprungu í femur sem sást ekki á röntgen, það er eina skýringin á þessu atviki að mínu mati.“ Hann lýsir legu brotsins og dregur ályktanir af henni. Í lok vottorðsins segir síðan: „Að teknu tilliti til þessa er ég sammála álit C að afar sterkar líkur séu á því að brotið hafi orðið við skurðaðgerðina en verði ekki rakið til fallsins

fyrst og fremst.“

Þann 21. október 2022 sendi lögmaður stefnanda erindi til Zurich með beiðni um endurupptöku málsins í ljósi nýs læknisfræðilegs mats. Með erindinu fylgdi áður nefnt læknisvottorð D þar sem segir að lærbrotið sé að hans mati að öllum líkindum afleiðing mjaðmaskiptaaðgerðarinnar í Svíþjóð árið 2019, en ekki þess þegar fóturinn gaf sig og hún hneig niður.

2023

Í júní 2023 fór stefnandi í enn aðra aðgerð á Landspítalanum. Þá var skipt um mjaðmakúlu hægra megin en skál utan um mjöðmina, sem hafði verið sett í aðgerðinni í Svíþjóð, hafði þá gefið sig. Eftir þessa síðustu aðgerð var búið að skipta um allt það sem var gert í aðgerðinni Svíþjóð árið 2019. Í kjölfar aðgerðarinnar, í ágúst 2023, ritaði C læknir bréf á sænsku sem upplýsti um ástand stefnanda, bæði fyrir og eftir aðgerðina í Svíþjóð árið 2019 og því lýst að stefnandi væri með verki í mjöðminni.

Þann 6. maí 2024 barst endanlegt svar frá Zurich. Félagið hafnaði bótaskyldu því það taldi að tjónið yrði ekki rakið til aðgerðarinnar sem fór fram hjá [...]. Að mati félagsins kom ekkert óeðlilegt fram í aðgerðaskýrslu eða fyrst eftir meðferð. Það var mat sérfræðinga á þeirra vegum að meiðslin yrðu rakin til þess þegar fótur stefnanda gaf sig 3. júní 2019 og það hafi leitt til lærbrotsins. Þá sýndi röntgenmynd eftir aðgerðina ekki merki um beinskemmdir.

Á grundvelli nýrra gagna frá LÖF og Zurich sótti stefnandi 22. nóvember 2024 um endurupptöku málsins hjá stefnda og greiðslu bóta. Sem fyrr vísaði stefnandi til 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og þess að ákvörðun stefnda hefði byggst á ófullnægjandi gögnum og mál stefnanda ekki verið skoðað efnislega. Veigamiklar ástæður mæltu því með endurupptöku vegna nýrra upplýsinga og alvarleika ástands stefnanda. Þá var bent á það að fullreynt væri að sækja bætur erlendis og þar með ætti eina undantekningin frá bótaskyldu stefnda ekki við.

Þann 15. janúar 2025 hafnaði stefndi beiðni um endurupptöku málsins. Ekki var talið að þau gögn sem fylgdu beiðni um endurupptöku, þ. á m. synjun Zurich, hefðu áhrif á fyrri ákvörðun stofnunarinnar frá 27. apríl 2020. Var það mat stefnda að ekkert nýtt hefði komið fram og skilyrði 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 væru ekki uppfyllt.

Málsástæður og lagarök stefnanda fyrir því að krafa hennar sé ekki fyrnd

Stefnandi áréttar að svara þurfi því hvenær hún hafi fengið eða mátt fá vitneskju um að bótaskyld atvik í skilningi laga nr. 111/2000 hefði átt sér stað svo og að það hafi leitt til tjóns. Samkvæmt þessum skilningi á inntaki 19. gr. laganna telji stefnandi fyrningarfrest kröfu sinnar á hendur stefnda hafa hafist 6. maí 2024 en í allra

fyrsta lagi 27. september 2022. Krafa stefnanda á hendur stefnda hafi því ekki verið fyrnd þegar málið var höfðað með birtingu stefnu 17. september 2025.

Þessu til frekari stuðnings vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 17/2016 þar sem segi: „Þessu til samræmis gat fyrningartími kröfu áfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laganna ekki byrjað að líða við það eitt að honum hafi orðið eða mátt verða ljóst að blóðtappar, sem hann fékk í heila, hafi valdið honum tímabundnu og varanlegu heilsutjóni, heldur þurfti hann í þessu skyni að vita eða mega vita að mistök hafi verið gerð við meðferð hans á Landspítala og að þau hafi sérstaklega leitt til tjóns.“

Af þessu orðalagi megi, að mati stefnanda, draga þá ályktun að fyrningarfrestur hefjist ekki fyrr en tjónþoli vissi eða mátti vita að bótaskyلت atvik hafi orðið og það hafi sérstaklega leitt til tjóns. Brýnt sé að greina á milli þess þáttar að vita af tjóni og þess þáttar að vita að tjónið sé afleiðing læknismeðferðar og sé af þeim sökum bótaskyلت atvik skv. lögum nr. 111/2000. Fyrningarfrestur hefjist því ekki við það eitt að tjónþoli hafi orðið fyrir tjóni.

Samkvæmt afmörkun Hæstaréttar í máli nr. 17/2016 á inntaki 19. gr. laga nr. 111/2000 hafi stefnandi ekki haft fullnægjandi vitneskju um tjón sitt þegar hún sótti um bætur 30. nóvember 2019. Áréttu megi að í nefndu máli hafi Hæstiréttur ekki talið að álit landlæknis, þar sem fram kom að ólíklegt væri að mistök hefðu breytt framvindu veikinda, hefði veitt tjónþola í því máli nauðsynlega vitneskju til þess að fyrningarfrestur kröfu hans hæfist.

Það sama eigi við í þessu máli. Verulegur vafi hafi leikið á um orsakatengsl beinbrotsins og aðgerðarinnar í Svíþjóð. Vissulega hafi stefnandi haft einhverja vitneskju um tjón sitt en ekki þá skýru vitneskju um orsakatengsl sem Hæstiréttur krefjist. Hvorki Sjúkratryggingar Íslands né kærufnd hafi tekið efnislega ákvörðun í máli hennar heldur hafi einfaldlega vísað málinu frá. Bæði þessi stjórnvöld hafi bent stefnanda á að leita réttar síns í Svíþjóð.

Það hafi jafnframt þýðingu að í vottorðum C bæklunarskurðlæknis, dags. 1. febrúar 2020 og 18. mars 2021, sé ekki tekin afstaða til orsaka tjónsins. Þar komi því ekki fram læknisfræðilegur rökstuðningur fyrir því af hvaða sökum lærleggur stefnanda brotnaði. Síðan bætist það við að tryggingafélagið í Svíþjóð hafi ekki talið vera nein orsakatengsl á milli aðgerðarinnar og beinbrotsins. Stefnandi hafi því verið í verulegum vafa um það hvort tjón hennar tengdist aðgerðinni.

Það hafi ekki verið fyrr en með vottorði D 27. september 2022 sem læknisfræðileg greining og rökstuðningur hafi fengist fyrir því að lærbrotið væri þess eðlis að sterkar líkur væru á því að það hefði orðið í aðgerðinni þannig að skýrt orsakasamband væri á milli brots í lærlegg stefnanda og aðgerðarinnar í Svíþjóð. Þá fyrst hafi verið staðfest að bótaskyلت atvik hafi orðið í aðgerðinni sem hafi leitt til tjóns stefnanda. Fram að því hafi verulegur vafi leikið á orsökum þess að beinið brotnaði.

Með þessu vottorði hafi því verið komið fram það skilyrði skv. dómi Hæstaréttar að stefnandi hafi mátt vita að mistök hafi verið gerð og þau hafi sérstaklega leitt til tjóns.

Stefnandi mótmæli þeirri málsástæðu stefnda að fyrningarfrestur hafi hafist þegar úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála var kveðinn upp, 14. október 2020. Því til stuðnings vísi stefndi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 145/2017 en stefnandi telji atvik sín ekki verða borin saman við atvik í því máli. Þar hafi bótakröfu tjónþola verið synjað efnislega og óumdeilt verið að tjónþola hafi verið kunnugt um tjón sitt og orsakasamband þess við tiltekið atvik.

Í þessu máli séu aðstæður allt aðrar því hvorki Sjúkratryggingar Íslands né úrskurðarnefnd velferðarmála hafi tekið efnislega afstöðu til kröfu stefnanda um bætur. Því hafi þessar ákvarðanir ekki veitt stefnanda neina vitneskju um tjón sitt heldur hafi kröfu hennar einfaldlega verið vísað frá þar eð hún félli utan gildissviðs laganna. Auk þess hafi stefnandi ekki haft nægilega vitneskju um orsakatengsl beinbrots síns og aðgerðarinnar í Svíþjóð. Þau ströngu skilyrði sem beri skv. dómi Hæstaréttar í máli nr. 17/2016 að gera til þess að fyrningarfrestur hefjist hafi því ekki verið komin fram. Af þessum sökum sé skýr munur á aðstæðum í hennar tilviki og máli Hæstaréttar nr. 145/2017.

Stefnandi byggir á því að vitneskja hennar í skilningi 19. gr. laga nr. 111/2000 hafi ekki verið fullnægjandi fyrr en 6. maí 2024 þegar niðurstaða tryggingafélagsins í Svíþjóð hafi legið fyrir. Fyrr hafi stefnandi ekki haft fullnægjandi vitneskju um kröfu sína á hendur stefnda. Ekki verði betur séð en að stefndi sé sammála þessu því tekið sé fram bæði í ákvörðun stefnda 27. apríl 2020 og í greinargerð stefnda í þessu máli að stefnandi hafi ekki að fullu sótt rétt sinn í Svíþjóð og því séu skilyrði laga nr. 111/2000 ekki uppfyllt.

Stefndi byggir með öðrum orðum á því að fyrningarfrestur kröfu stefnanda á hendur stefnda líði á Íslandi á sama tíma og hún sé að reyna að sækja rétt sinn í Svíþjóð eins og stefndi segi henni að gera. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna skuli draga frá bótum hér á landi bætur sem viðkomandi eigi rétt á erlendis. Fyrningarfrestur bóta-kröfu stefnanda hér á landi hafi ekki getað hafist fyrr en ljóst var að hún ætti ekki rétt á bótum í Svíþjóð, sem hafi verið 6. maí 2024.

Verði ekki talið að sú vitneskja sem stefnandi fékk 6. maí 2024 marki upphaf fyrningarfrests geti hann þó ekki hafa hafist fyrr en 27. september 2024 þegar D, yfirlæknir bæklunarskurðlækninga á Landspítala, ritaði vottorð þar sem staðfest séu með læknisfræðilegum rökum orsakatengsl brots í lærlegg stefnanda og aðgerðarinnar í Svíþjóð. Þá fyrst hafi stefnandi fengið skjal þar sem rökstutt var að bótaskyld atvik hefði orðið við aðgerðina í Svíþjóð sem leiddi til tjónsins og gat byggt sinn rétt á því. Þá fyrst hafi komið fram sterkar líkur fyrir því hvaða atvik hafi leitt til bótaskyldu skv.

lögum nr. 111/2000 og ekki fyrr en þá sem skilyrði samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 17/2016 hafi legið fyrir.

Stefnandi bendi að lokum á að það sé markmið og tilgangur laga nr. 111/2000 að auðvelda sjúklingum og öðrum sem hljóti tjón við læknismeðferð að fá bætur fyrir það. Ströng formálísk túlkun stefnda, m.a. á upphafi fyrningarfrests, gangi gegn því markmiði og grundvallartilgangi laganna.

Málsástæður og lagarök stefnda fyrir fyrningu

Stefndi vísar til þess að stefnandi byggi dómkröfu sína á ákvæðum laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu sem giltu á þeim tíma þegar atvik málsins gerðust. Samkvæmt 19. gr. þeirra fyrnist kröfur um bætur samkvæmt lögnum „þegar fjögur ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt“. Þetta sé sér-ákvæði um fyrningu sem gangi framur almennum ákvæðum laga um fyrningu kröfu-réttinda nr. 150/2007, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 145/2017.

Telja verði að fyrningarfrestur kröfu stefnanda hafi í seinasta lagi hafist þegar krafa hennar um bætur var lögð fyrir stefnda 30. nóvember 2019 en sú aðgerð rjúfi jafn-framt fyrningu, sbr. 16. gr. laga nr. 150/2007. Ákvörðun stefnda um að synja stefn-anda um bætur hafi legið fyrir 27. apríl 2020 og þá hafi nýr fyrningarfrestur hafist.

Þessi ákvörðun stefnda hafi verið kærð til úrskurðarnefndar velferðarmála og endanleg niðurstaða á stjórnslustigi í málinu hafi legið fyrir með úrskurði þeirrar nefndar 14. október 2020. Samkvæmt framangreindu, og með vísan til dóms Hæsta-réttar í máli nr. 145/2017, hafi nýr fjögurra ára fyrningarfrestur hafist þegar endanleg ákvörðun stjórnvalds lá fyrir, þ.e. í síðasta lagi 14. október 2020. Krafa stefnanda hafi því fyrnst eigi síðar en 14. október 2024.

Beiðni stefnanda um endurupptöku máls 22. nóvember 2024 hafi engin áhrif enda sé ekki unnt að rjúfa fyrningu á þann hátt, auk þess sem málið hafi þegar verið fyrnt þegar bréfið var sent.

Stefndi telji engin efni til að telja upphaf fyrningarfrests síðar en 14. október 2020, sbr. umfjöllun í dómum Hæstaréttar í málum nr. 145/2017 og 17/2016. Stefnandi hafi fyrir það tímamark talið að mistök hefðu verið gerð og þau hefðu leitt til tjóns hennar sem var þegar komið fram. Sú vitneskja nægi til þess að fyrningarfrestur hefjist. Ekki sé nauðsynlegt að endanlegt umfang tjóns eða varanlegar afleiðingar liggi fyrir.

Niðurstaða

Eins og áður greinir þarf að leysa úr þeim ágreiningi málsaðila hvort ætluð krafa stefnanda, vegna afleiðinga aðgerðar sem fór fram í Svíþjóð [...] 2019, á hendur

stefnda, Sjúkratryggingum Íslands, hafi þegar málið var höfðað verið fallin niður fyrir fyrningu.

Stefnandi byggir á því að krafa hennar hafi ekki verið fallin niður þegar hún höfðaði málið. Því til stuðnings vísar hún til fordæmis Hæstaréttar í máli nr. 17/2016. Samkvæmt þeim dómi nægi ekki, til þess að maður teljist hafa fengið vitneskju um tjón sitt í skilningi 19. gr. laga nr. 111/2000, að hann hafi orðið fyrir áverka sem hafi valdið tímabundnu og varanlegu tjóni heldur þurfi tjónþoli til þess að fyrningarfrestur skv. ákvæðinu hefjist að vita eða mega vita að mistök hafi verið gerð við lækni meðferð og að þau hafi sérstaklega leitt til tjóns.

Stefndi vísar til þess að lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu hafi verið leyst af hólmi með lögum nr. 47/2024. Ákvæði þeirra um fyrningu, 14. gr., hafi þó nákvæmlega sama orðalag og 19. gr. eldri laga. Í frumvarpi til nýrri laganna sé tekið fram að ákvæðið geti leitt til þess að sjúklingur haldi kröfu sinni mun lengur en í fjögur ár frá því að tjónsatvik bar að höndum því fyrningarfrestur hefjist ekki fyrr en tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt. Síðan segir: „Það ræður hins vegar ekki úrslitum hvenær tjónþola urðu afleiðingarnar ljósar að fullu heldur hvenær hann mátti vita af því að hann varð fyrir tjóni, óháð því hversu miklar eða varanlegar afleiðingarnar verða.“

Að mati dómsins verður að leggja til grundvallar það viðmið sem löggjafinn hefur ákveðið, þ.e. að fyrningarfrestur hefjist þegar tjónþoli má vita af því að hann hafi orðið fyrir tjóni. Það er hins vegar skilyrði laga nr. 111/2000 fyrir rétti til bóta að líkamstjón tengist rannsókn eða lækni meðferð og því verður frá upphafi að tengja tjón við meðhöndlun heilbrigðisstarfsmanns. Því verður ekki betur séð en að það orðalag sem stefnandi vitnar til í dómi Hæstaréttar í máli nr. 17/2016 sé í samræmi við skilyrði laganna.

Stefnandi hefur frá upphafi tengt tjón sitt við tiltekna lækni meðferð í samræmi við skilyrði laganna. Í umsókn um bætur úr sjúklingatryggingu sem stefnandi dagsetti 30. nóvember 2019 var í 19. spurningu spurt til hvaða rannsóknar eða sjúkdómsmeðferðar umsækjandi teldi að rekja mætti heilsutjón sitt. Stefnandi greindi frá aðgerðinni í Svíþjóð sem hafi í margar vikur valdið henni kvalafullum verkjum. Hún greinir frá atvikinu 3. júní 2019 og segir síðan: „Þar kom í ljós að lærleggurinn í mér var brotinn og var talið öruggt þar, skv. bæklunarlæknum, að ég hefði brotnað í aðgerðinni í Svíþjóð og einnig að það skýrði alla þá verki sem ég var búin að vera með.“

Í 20. spurningu var spurt um það hvaða heilsutjóni umsækjandi teldi sig hafa orðið fyrir í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Því svaraði stefnandi: „Ég er mjög hölt og vantar mikinn styrk í hægri fót. Samkvæmt bæklunarlæknum sem ég er hjá og lagfærði fótinn hér heima á Íslandi, C, þá verður sí ólíklegra að ég komi til með að ná fullum styrk í fótinn og komi þetta til með að há mér. Vöðvaspennan í fæt-

inum komi ekki til með að vera eins og hún var áður. Ég fæ mikla bakverki þar sem skekkjan er mikil þegar ég geng, auk þess sem ég fæ verki í fótinn þegar ég geng meira en það sem nauðsynlegt er.“ Neðst á umsóknarblaðinu þegar stefnandi svarar spurningum 28 og 29 segir hún að hún hafi orðið að hætta að vinna. „Ég réð ekki við þá vinnu sem ég var ráðin í þar vegna áverkanna. Ég er því algerlega tekjulaus í dag.“ Af umsókn stefnanda um bætur úr hendi stefnda er ljóst að hún telur sig hafa orðið fyrir tjóni sem verði rakið til aðgerðarinnar í Svíþjóð.

Eins og áður segir ritaði C bæklunarskurðlæknir vottorð 18. mars 2021. Þar segir hann meðal annars: „Að öllum líkindum hefur hún fengið intraoperatíva sprungu í femur sem sást ekki á röntgen, það er eina skýringin á þessu að mínu mati. Síðan segir: „Meðferð við þessu er erfið og því miður tel ég að flest úrræði séu reynd varðandi það að auka vöðvakraftinn í mjöðminni. Mitt mat er að hennar skerðing sé varanleg og ekki sé útlit fyrir að ástand hennar batni, heldur standi í stað.“

Að því marki sem stefnandi gat verið vongóð um að máttmínkun hennar gengi til baka þegar hún sótti um bæturnar telur dómurinn að stefnandi hafi mátt vita þegar hún las þetta vottorð, dags. 18. mars 2021, að tjón hennar væri varanlegt og gengi ekki til baka. Í vottorðinu kemur að auki fram sú læknisfræðilega skýring á brotinu sem færir tjónið undir skilyrði laga nr. 111/2000.

Það er því mat dómsins að stefnandi hafi eigi síðar en þegar hún las þetta vottorð haft þá vitneskju sem er tilgreind í 19. gr. laga nr. 111/2000. Því verði að telja að fyrningarfrestur kröfu hennar hafi hafist þegar stefnanda varð kunnugt efni þessa vottorðs og hann runnið út í mars 2025. Hún höfðaði málið eins og áður segir með stefnu birtri 17. september 2025 en þá var krafa hennar á hendur stefnda fyrnd.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Sjúkratryggingar Íslands, er sýkn af kröfu stefnanda, A.
Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Ingiríður Lúðvíksdóttir